

Ár 2006, miðvikudaginn 27. september, er á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands, sem háð er að Austurvegi 4, Selfossi, í málinu nr.

S-145/2006:

Ákærvaldið

*(Gunnar Örn Jónsson ftr.)*

gegn

Karen Dagmar Guðmundsdóttur

*(Jón Egilsson hdl)*

kveðinn upp svohljóðandi

**dómur:**

Mál þetta er höfðað með ákæru Lögreglustjórans á Selfossi, dagsettri 20. janúar 2006, á hendur Karen Dagmar Guðmundsdóttur, kt. 000000-0000, Flétturima 21, Reykjavík,

„fyrir skjalafals, með því að hafa í mars 2005 selt KB banka hf., skuldabréf að fjárhæð kr. 535.000.- með skálfskudarábyrgð, sem ákærða gaf út 8. mars 2005 og falsaði með því að rita nafn Magneu Völu Reimarsdóttur, kt. 000000-0000, í reit fyrir samþykki sjálfskudarábyrgðarmanns á láninu.

Ákærvaldið telur háttsemi ákærðu varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærvaldið krefst þess að ákærða verði dæmd til refsingar. ”

Verjandi ákærðu krefst þess að hún verði sýknuð af kröfum ákærvaldsins en til vara að ákærðu verði dæmd vægasta refsing sem lög leyfa og verði refsing dæmd þá verði hún bundin skilorði. Loks krefst hann hæfilegra málsvarnarlauna að mati dómsins.

Málið var þingfest þann 17. mars s.l., en ákærða boðaði þá forföll og var málinu frestað til 28. mars. Þann dag kom ákærða fyrir dóminn og óskaði eftir því að henni yrði skipaður verjandi í máli þessu. Var málinu frestað til 8. maí s.l. Aðalmeðferð fór fram þann 13. september s.l. og var málið dómtekið sama dag.

### Málsatvik:

Samkvæmt gögnum málsins kærði Magnea Vala Reimarsdóttir þann 26. júlí 2005 til rannsóknardeildar lögreglunnar á Selfossi nafnritun sína sem sjálfskuldarábyrgðaraðila á skuldabréf sem ákærða gaf út þann 8. mars 2005. Skuldabréf þetta var að fjárhæð kr. 535.000.- og gefið út til KB banka til fimm ára með mánaðarlegri afborgun í fyrsta sinn 1. apríl 2005. Bar skuldabréfið samtals 14.95% vexti. Auk Magneu hafði Þórey Daníelsdóttir, kt. 000000-0000 einnig ritað á bréfið sem sjálfskuldaraðili. Sagðist Magnea ekki hafa vitað um skuldabréf þetta fyrr en hún fékk tilkynningu um vanskil á því í pósti frá KB banka í júní 2005. Sagði Magnea fyrir lögreglu að hún hefði einu sinni skrifað uppá skuldabréf fyrir ákærðu auk þess að vera í ábyrgð vegna yfirdráttar hennar.

Þann 12. september 2005 mætti ákærða til lögreglunnar á Egilsstöðum í skýrslutöku. Sagði hún þar í lögregluskýrslu að hún kannaðist við umrætt skuldabréf. Kveður hún skuldabréfið hafa komið til af því að yfirdráttarheimild hennar hjá KB banka hafi verið að renna úr gildi. Hún kvað yfirdráttarheimildina hafa verið kr. 440.000.- og hafi Magnea Vala verið ábyrgðarmaður vegna hennar. Segir hún að Magneu hafi verið fulljóst að hún þurfti að taka umrætt lán. Segir hún að hún hafi ritað nafn Magneu Völu á skuldabréfið en hafi talið sig hafa samþykki hennar fyrir því, sérstaklega af því að þetta lán var í raun framlenging á yfirdrátti hennar. Kvað hún sig og Magneu Völu hafa verið góðar vinkonur á þessum tíma en hún kvaðst hafa notað sitt nafn til að fá yfirdrátt, en þær hafi báðar notið góðs af honum. Segir hún að síðan hafi slettst upp á venskapinn og þær farið í sitt hvora áttina. Segir ákærða að um tíma hafi umrætt lán farið í vanskil sökum lítillar útborgunar hjá henni. Á sama tíma hafi Magnea Vala verið að reyna að fá lán í banka en verið synjað sökum vanskila á þessu láni sem hér er um rætt. Hún kveðst telja að það sé ástæðan fyrir því að þessi kæra hafi verið lögð fram. Hún segir aðspurð að hún hafi ritað nafn Magneu Völu á bréfið en aðrir hafi ritað nöfn sín sjálfir á bréfið. Segir ákærða að vitundarvottarnir hafi ekki verið viðstaddir undirritanir á skuldabréfið. Segir ákærða að hún hafi fengið skuldabréfið í bankanum og hafi farið með það heim, þar hafi hún beðið eftir Magneu Völu, sem ætlaði að setja nafn sitt á bréfið. Þar hafi bréfið verið fyllt út. Hún kveður Magneu Völu hafa tafist og helgin verið að nálgast og því hafi hún freistast til að rita nafn Magneu Völu á bréfið, aðallega til að koma því í bankann fyrir helgina. Hún kveðst síðan hafa farið með það í bankann þar sem tekið var við bréfinu. Hún kveður andvirði skuldabréfsins hafa verið lagt inn á reikning nr. 191078 hjá KB banka á Selfossi sem sé í hennar eigu. Ákærða hvað skuldabréfið vera í skilum þegar umrædd lögregluskýrsla var tekin. Ákærða segir í skýrslunni að hún hafi aldrei ætlað að láta þetta lán falla á einn eða neinn.

Í lögregluskýrslu sem tekin var af vitninu Ólafi Þór Valdimarssyni kemur fram að hann hafi skrifað nafn sitt á umrætt skuldabréf sem vottur að undirritun útgefanda og gert það í góðri trú um að allt væri rétt gert. Segir hann að ákærða hafi komið með skuldabréfið á vinnustað hans og Runólfs á Selfossi snemma þessa árs og fengið þá til að vera vitundarvotta á skuldabréfinu og kvaðst Ólafur hafa skrifað nafn sitt á það. Vitnið segist ekki hafa vitað um að nafn Magneu hafi verið falsað. Kvaðst hann vita hver Magnea og Þórey væru en kvaðst þekkja ákærðu í gegnum

Runólf Viðar.

Í lögregluskýrslu kemur fram hjá vitninu Runólfi Viðari Sturlusyni að hann þekki umrætt skuldabréf og kannast við undirskrift sína á bréfið. Hann skýrði frá því að í byrjun árs 2005 hafi ákærða komið á vinnustað hans og Ólafs Þórs að Nauthólum 4 á Selfossi og beðið þá um að skrifa nöfn sín á skuldabréfið sem vitundarvottar. Kvaðst Runólfur hafa skrifað nafn sitt sem vottur að rétttri dagsetningu og undirritun útgefanda. Hann kvað sjálfskuldarábyrgðarmenn ekki hafa verið á staðnum en nöfn þeirra Magneu og Þóreyjar hafi verið komin á skjalið þegar ákærða kom með það til hans og því hafi hann ekki verið vitni að þeirri undirritun. Runólfur kvað það líklega hafa verið í maí 2005 að Magnea hafi hringt í hann og sagt honum frá því að hún hafi verið að fá tilkynningu um vanskil á skuldabréfi sem hún hafi ekki haft neina hugmynd um. Runólfur kvaðst þá hafa hringt í Karen og spurt hana út í skuldabréfið og fengið þau svör frá Karen að henni þætti allt í lagi að skrifa sjálf nafn Magneu á skuldabréfið því hún hafi gert slíkt áður. Jafnframt kvað Runólfur Karen hafa sagt honum að ástæðan fyrir því að hún ritaði nafn Magneu á skuldabréfið hafi verið þá að hún hafi þurft að koma bréfinu áfram með hraði og hún hafi verið að redda sér fyrir horn.

Þann 17. október 2005 var aftur tekin skýrsla hjá lögreglunni á Selfossi af Magneu Völu Reimarsdóttur. Segir hún í þeirri skýrslu að hún hafi enga hugmynd haft um umrætt skuldabréf sem ákærða gaf út og skráði Magneu sem sjálfskuldarábyrgðaraðila á. Hún kvaðst heldur ekki hafa gefið ákærðu neitt vilyrði fyrir því að vera í ábyrgð fyrir frekari skuldum. Fyrstu vitneskju sína af þessum skuldabréfi kvað hún hafa verið í júní síðastliðnum þegar hún fékk tilkynningu um vanskil skuldabréfins.

Sagði vitnið að hún væri ábyrgðarmaður á öðru skuldabréfi fyrir ákærðu en það sé algjörlega ótengt þessu skuldabréfi sem nafn hennar hafi verið falsað á. Í þessari lögregluskýrslu er það borið undir vitnið að ákærða hafi borið að hún hefði verið að bíða eftir vitninu til að skrifa undir skuldabréfið þar sem hún hafi ætlað sér að gera það. Vitnið kvað þetta ekki rétt, hún hafi aldrei gefið ákærðu vilyrði fyrir því að skrifa undir skuldabréf og ákærða aldrei nefnt þetta skuldabréf við hana.

Þann 18. október 2005 gaf Þórey Danielsdóttir kt. 000000-0000, Háengi 14, Selfossi skýrslu hjá lögreglunni á Selfossi og segir í þeirri skýrslu að hún hafi undirritað umrætt skuldabréf sem sjálfskuldararmaður. Hafi hún verið stödd heima hjá ákærðu að Háengi 12 á Selfossi í byrjun marsmánaðar 2005 þegar ákærða bað hana um að vera annar ábyrgðarmaður á skuldabréfi þessu. Vitnið kvað ákærðu hafa sjálfa skrifað nafn Magneu sem fyrsta ábyrgðarmann, hún hafi séð það með eigin augum. Sagði vitnið að ákærða hefði sagt við hana að hún hefði leyfi Magneu til að skrifa nafn hennar á skuldabréfið.

Segir Þórey í skýrslunni að fyrr þennan sama dag hafi ákærða verið heima hjá henni, en íbúðir þeirra væru á sama stigagangi á móti hvor annari að Háengi 12 og 14. Þar kvað hún ákærðu hafa verið að skrifa nafn Magneu oft á blað. Vitnið kvaðst hafa spurt ákærðu að því af hverju hún væri að skrifa nafn Magneu svo oft. Vitnið sagði að ákærða hefði sagt henni að hún ætlaði að fá lán og hún þyrfti ábyrgðarmenn. Sagði ákærða vitninu að hún hefði fengið leyfi hjá Magneu til að nota nafn hennar á skuldabréfið. Segir vitnið í umræddri lögregluskýrslu að hún hafi hringt í Magneu um kvöldið þennan dag sem ákærða hafi skrifað nafn hennar á

skuldabréfið og spurt hana í símann hvort hún hafi gefið ákærðu leyfi til að nota nafn hennar sem ábyrgðarmann á skuldabréfið. Kvað vitnið að Magnea hafi neitað því og ekki viljað trúa henni. Það hafi svo ekki verið fyrir en í vor að Magnea hafi hringt í hana og spurt frekar út í skuldabréfið enda hafi hún þá verið að fá tilkynningu frá bankanum um vanskil.

#### *Vitnaskýrslur fyrir dómi.*

Við aðalmeðferð máls þessa gaf ákærða skýrslu, einnig vitnin Magnea Vala Reimarsdóttir, Þórey Danielsdóttir, Runólfur Viðar Sturluson og Ólafur Þór Valdimarsson.

Ákærða játti því aðspurð fyrir dóminum að hún hefði skrifað nafn Magneu Völu Reimarsdóttur sem sjálfskuldaraðila á skuldabréfið. Hún hafi tekið skuldabréfið hjá KB banka til að greiða niður yfirdrátt sem hún hefði verið með hjá bankanum. Sagði hún að hún hafi fengið leyfi Magneu til að skrifa nafn hennar á bréfið. Hún sagðist hafa talað við Magneu í síma og fengið heimild hennar til að rita nafn hennar á þann hátt. Magnea hafi ekki komist til hennar í tæka tíð til að undirrita bréfið sjálf og því hafi þessi ákvörðun verið tekið til að koma skuldabréfinu til bankans þar sem yfirdráttarheimild hennar hafi verið að falla niður. Ákærða neitaði því að hafa æft sig í að skrifa nafn Magneu heima hjá vitninu Þórey. Sagði hún að Runólfur Viðar og Ólafur hefðu vottað bréfið sama dag og hún undirritaði það. Ákærða staðfesti fyrir dómi að Magnea hefði verið ábyrgðarmaður á yfirdráttarskuld hennar hjá KB banka en hún hefði breytt þeirri skuld yfir í skuldabréfalán. Sagði hún að í hvert sinn sem yfirdráttur hennar hefði hækkað, “yfirdrátturinn hafi orðið til í mörgum bitum”, þá hafi Magnea komið með henni í bankann til að undirrita með eigin hendi ábyrgð sína. Sagði ákærða að yfirdrátturinn hafi orðið til vegna þess að ákærða og Magnea hafi notað reikning ákærðu til neyslu fyrir þær báðar. Yfirdrátturinn hafi verið kominn í um 500.000.-krónur eða meira. Sagði hún að yfirdrátturinn hefði átt að falla úr gildi 1. mars og bankinn hefði ekki viljað framlengja hann þar sem hún hafi ekki haft neinar tekjur. Ákærða sagði að Magnea hafi ekki heldur haft neinar tekjur og því hafi verið samkomulag þeirra á milli að taka lán til að greiða upp yfirdráttarskuldina. Ákærða fullyrðir að hún hafi talið sig hafa heimild frá Magneu til að skrifa hennar nafn á skuldabréfið, öðruvísi hefði hún ekki gert þetta. Sagði ákærða að þegar bankinn hafi verið búinn að kaupa skuldabréfið þá hafi vantað rúmlega þrjú þúsund krónur uppá að yfirdrátturinn hafi verið fullgreiddur. Ákærða segist fyrst hafa fengið vitneskju um að Magnea hafi kært undirritun hennar þegar lögreglan kallaði hana til yfirheyrslu í september 2005. Ákærða sagði að bréf þetta hefði aldrei verið rætt neitt sérstaklega á milli ákærðu, Magneu eða Þóreyjar eftir að það hafi verið keypt af bankanum. Ákærða sagði að bréfið hefði farið í vanskil sumarið 2005 en hún hafi náð að koma því aftur í skil.

Vitnið Þórey Danielsdóttir kom fyrir dóminn og staðfesti að hún hefði sjálf áritað nafn sitt á umrætt skuldabréf sem sjálfskuldaraðili. Sagði hún að ákærða hefði hins vegar verið að æfa sig á því að skrifa nafn Magneu heima hjá vitninu. Hún sagðist hafa hringt í Magneu og spurt hana hvort hún hafi vitað um nafnritun hennar á skuldabréfið. Sagði hún að Magnea hafi brugðist þannig við að hún hafi ekki sagst trúa henni. Vitnið sagðist hafa hringt í Magneu sama kvöld og hún undirritaði

skuldabréfið sjálf. Sagðist hún hafa talið að skuldabréfið hafi átt að fara til greiðslu á skuldum ákærðu. Taldi vitnið að hér væri um nýtt lán að ræða hjá ákærðu. Vitnið sagðist ekki vita til þess að umrætt bréf hafi verið rætt sérstaklega eða skuldir ákærðu þegar þær, vitnið, ákærða og Magnea hittust eftir útgáfu skuldabréfsins. Ítrekaði vitnið að hún hafi talið að ákærða hafi verið að taka lán til að bjarga skuldunum sínum. Vitnið segist ekki hafa heyrt ákærðu hringja í Magneu til að fá heimild til að undirrita skuldabréfið.

Vitnir Magnea Vala Reimarsdóttir kom fyrir dóminn. Sagðist hún aðspurð fyrst hafa fengið vitneskju um bréfið í apríl 2005 hélt hún. Hún hafði fengið tilkynningu frá bankanum um að hún hafi skrifað undir þetta bréf en hafði ekki áttað sig á því að umrædd tilkynning hafi verið vegna þessa bréfs sem ákært er fyrir heldur vegna yfirdráttar sem hún var í ábyrgð fyrir fyrir ákærðu. Vitnið neitar því að Þórey hafi hringt í sig og sagt henni frá því að ákærða hafi skrifað nafn hennar á skuldabréf. Neitar hún að yfirdráttur ákærðu hafi verið notaður til sameiginlegrar framfærslu þeirra þegar vitnið var stadd hjá ákærðu. Vitnið neitar því að hafa gefið samþykki sitt fyrir því að vera í sjálfskuldarábyrgð fyrir nýju láni hjá ákærðu í þeim tilgangi að gera upp yfirdrátt ákærðu, ákærða hafi aldrei nefnt það við hana. Vitnið neitar aðspurð af verjanda að hún hafi verið á framfærslu ákærðu þegar hún var í heimsókn hjá henni. Vitnið segir varðandi yfirdráttinn að ákærða hafi sagt henni að hún ætti um milljón í peningum í banka sem myndi losna um haustið sem ætti að fara í að greiða upp yfirdráttinn. Því hafi yfirdráttarskuldin átt að vera tímabundin. Sagði vitnið að þegar hún fékk tilkynninguna frá bankanum í apríl þá hafi hún dregið þá ályktun að um tilkynningu hafi verið að ræða sem tilheyrði yfirdráttarskuldin. Vitnið var staðfast í framburði sínum um að hún hafi litið á tilkynninguna, sem hún fékk í apríl 2005 tilheyrandi þeirri ábyrgð sem hún var í vegna yfirdráttar ákærðu. Hún hafi ekki sett það í samhengi við nýtt skuldabréf. Það hafi ekki verið fyrir en hún hafi fengið tilkynningu í júní 2005 frá bankanum um vanskil á umræddu skuldabréfi sem hún hafi gert sér grein fyrir því að um aðra skuld væri að ræða en yfirdráttarskuld ákærðu. Í framhaldi hafi hún haft samband við bankann sem hafi upplýst hana um skuldabréfið og leiðbeint henni um það að kæra til lögreglu áritun hennar. Þá bera bæði vitnin Þórey og Runólfur að Magnea hafi hringt í þau þegar hún fékk tilkynninguna um vanskilin og rætt við þau að ákærða hafi notað nafn hennar á skuldabréfið.

Vitnið Runólfur Viðar Sturluson, kom fyrir dóminn. Kannaðist hann við undirritun sína á skuldabréfið sem vottur. Sagði hann að búið hefði verið að undirrita skuldabréfið, af ákærðu, Magneu og Þórey þegar ákærða kom með bréfið til sín. Hann hafi á þeim tímamarki ekki hafa vitað annað en að í lagi væri með allar undirskriftir. Hann sagðist ekkert hafa vitað um tilurð nafnrítunar Magneu fyrir en hún hafi hringt í sig um sumarið, júní eða júlí 2005 og sagt honum að ákærða hafi notað nafn hennar án leyfis hennar. Sagði hann að ákærða hefði sagt sér að Magnea hafi leyft henni að nota nafn hennar á skuldabréfið, hún hafi gert það áður og það hafi alltaf verið í lagi. Aðspurður sagði vitnið að þau hafi kannski hist í eitt skipti heima hjá ákærðu eftir útgáfu skuldabréfsins en fjármál ákærðu hafi ekki verið rædd. Sagðist hann lítilliga vita um fjármál ákærðu en ekki að Magnea hafi verið í ábyrgðum fyrir ákærðu fyrir en eftir að Magnea hafði haft samband við sig þegar hún fékk vitneskju um tilurð skuldabréfsins. Vitnið neitaði að Magnea hefði nefnt það við sig að skuldabréfið hafi verið til greiðslu á yfirdráttarskuld ákærðu, það hafi verið ákærða sem hefði sagt vitninu að skuldabréfið hafi verið til greiðslu á yfirdrætti hennar.

Vitnið Ólafur Þór Valdimarsson, kt. 000000-0000, Álfhólar 1, Selfossi kom fyrir dóminn. Kannaðist vitnið við undirritun sína sem vitundarvottur á skuldabréfið en man ekki eftir því hverjir voru búnir að undirrita bréfið þegar hann vottaði undirskriftir.

#### *Niðurstöður:*

Samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 skal sá sem notar falsað skjal til þess að blekkja með því í lögskiptum sæta fangelsi allt að 8 árum. Þá segir í 2. málslíð 1. mgr. að það skuli einkum metið refsingu til þyngingar, ef skjalið er notað sem opinbert skjal, viðskiptabréf eða erfðaskrá.

Viðurkennt er af hálfu ákærðu að hún ritaði nafn Magneu Völu Reimarsdóttur á skuldabréf nr. 063007 útgefið 8. mars 2005 sem sjálfskuldarábyrgðarmann. Auk þess liggur fyrir, bæði með játningu ákærðu og yfirlýsingu frá KB banka að umrætt skuldabréf var keypt af bankanum þann 17. mars 2005 og að sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsingin hafi verið felld niður 13. maí 2005. Því eru skilyrði 1. mgr. 155. gr. laga nr. 19/1940 uppfyllt, þ.e. að nafnritunin átti sér stað og skuldabréfið var notað í lögskiptum ákærðu og KB banka. Þá ber að skoða hvort ákærða var í góðri trú um að henni hafi verið heimilt að skrifa nafn Magneu á skuldabréfið án þess að hafa til þess skriflegt umboð. Í viðskiptabréfareglum er gert ráð fyrir því að þeir sem taka á sig skuldbindingar undirriti með eigin hendi nafn sitt nema til þess sé veitt sérstakt umboð. Er einnig gert ráð fyrir því að vitundarvottar votti réttar dagsetningar, undirskriftir og fjárræði aðila. Í þessu tilviki voru ábyrgðarmenn búnir að undirrita skuldabréfið þegar vottun fór fram. Ákærða upplýsti vitundarvottana ekki um það að hún hefði sjálf ritað nafn Magneu á skuldabréfið. Hefur vottunin því lítið gildi við sönnun í máli þessu nema þá að hún styðji ásetning ákærðu um að misnota nafnritun Magneu. Öll framkvæmd ákærðu í máli þessu ber með sér, sérstaklega með það fyrir augum sem vitnið Þórey bar fyrir lögreglu og dóminum að ákærða hafi verið að æfa sig í að skrifa nafn Magneu á blað fyrir um daginn, að ásetningur hafi verið hjá ákærðu um að notfæra sér nafn Magneu á skuldabréfið til hagsbóta fyrir sig í viðskiptum við KB banka.

Ákærða upplýsti í dóminum að yfirdráttur hennar á reikningi 191078 hafi verið að fara í lögfræðiinnheimtu og hafi verið yfir 500.000 þúsund krónur. Nýja skuldabréfið var hins vegar til 5 ára með mánaðarlegri afborgun. Skipti skuldabréf þetta ákærðu því miklu máli fjárhagslega og því var um fjárhaglegan ávinning að ræða hvað hana varðar. Ákærða hélt því fram fyrir dóminum að Magnea hafi haft fjárhaglegan ávinning af útgáfu þessa skuldabréfs og hafi það því verið henni í hag að það hafi verið selt bankanum. Að öðrum kosti væri hún sennilega að fá á sig fleiri hundruð þúsund króna kröfur frá bankanum sem ábyrgðarmaður fyrir yfirdráttarskulddinni. Slíkt er með öllu ósannað í máli þessu og hefur ekki áhrif á niðurstöðu málsins.

Framburður vitnisins Magneu fyrir dóminum var í fullu samræmi við skýrslu hennar hjá lögreglu. Þrátt fyrir að verjandi hafi ítrekað reynt að rugla vitnið með því að halda því fram að umrætt skuldabréf og yfirdráttarskuld ákærðu hafi í raun

verið ein og sama skuldin og þess vegna bæri vitnið líka ábyrgð á skuldabréfinu, þá var vitnið stöðugt í þeim framburði sínum að þegar hún fékk fyrsta bréfið frá bankanum um að hún hefði tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð á umræddu skuldabréfi þar sem fjárhæð bréfsins kom fram, þá hafi hún talið að sú tilkynning tengdist yfirdráttarskuldinni og því hafi hún ekki aðhafst neitt í framhaldi af því bréfi. Hún hafi verið alls grunlaus um að um nýja skuld gæti verið að ræða. Það hafi ekki verið fyrr en hún hafi fengið tilkynningu um vanskil bréfsins að hún hafði samband við bankann til að fá skýringar á vanskilunum að henni hafi verið ljóst um hvað málið snerist. Er sá framburður hennar trúverðugur, meðal annars með hliðsjón af því að fjárhæð yfirdráttarins var þá orðinn rúmlega fimm hundruð þúsund krónur en fjárhæð skuldabréfsins 535.000.- krónur og dugði rétt tæplega upp í yfirdráttarskuldina samkvæmt framburði ákærðu. Einnig styður það framburð vitnisins að hún hafði samband bæði við Þórey og Runólf í framhaldi af því að hún fékk tilkynninguna frá bankanum um vanskilin um sumarið 2005 og sagði þeim að hún hefði ekki haft vitneskju um að ákærða hefði notað nafn hennar.

Vitnið Þórey hélt því fram, bæði hjá lögreglu og fyrir dóminum að hún hefði orðið vitni að því að ákærða æfði sig í því að rita nafn Magneu á blað. Bendir það eindregið til að ákærða hafi ætlað sér að kaupandi bréfsins sem var KB banki, gerði ekki athugasemdir við þá undirritun, tilgangurinn hefur augljóslega verið sá að blekkja í þeim lögskiptum. Er því um augljósan ásetning að ræða og brotið fullframið. Ákærða hefur ekki sýnt fram á að samþykki Magneu hafi legið fyrir þegar ákærða ritaði nafn hennar á skuldabréfið né að hún hafi veitt samþykki sitt síðar fyrir því og þykir því sannað í málinu að öllu framansögðu virtu, að ákærða hafi gerst sek um þá háttsemi sem henni er gefin að sök í ákæru og því unnið til refsingar skv. 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt framlögðu sakavottorði var ákærða dæmd þann 24. september 2001 í 30 daga fangelsi skilorðsbundið í 2 ár fyrir brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga og í mars 2002 gerði ákærða sátt hjá lögreglustjóranum í Reykjavík vegna brota gegn 1. sbr. 2. mgr. 45. gr. umfl. og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga og var svipt ökurétti í 2 mánuði auk þess að greiða 55 þúsund króna sekt í ríkissjóð. Hafa brot þessi ekki áhrif á ákvörðun refsingar nú.

Þegar allt það er virt sem hér hefur verið rakið þykir refsing ákærðu hæfilega ákveðin fangelsi í tvo mánuði. Þykir mega fresta fullnustu refsingarinnar og skal hún falla niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með vísan til 1. mgr. 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, skal ákærða greiða málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns sem ákvarðast kr. 74.700.- Hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts. Enginn annar sakarkostnaður hefur hlotist af máli þessu.

Ástríður Grímsdóttir héraðsdómari, kveður upp dóm þennan.

**Dómsorð:**

Ákærða, Karen Dagmar Guðmundsdóttir skal sæta fangelsi í tvo mánuði. Fullnustu refsingarinnar skal frestað og fellur hún niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa að telja haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærða greiði málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns Jóns Egilssonar hdl kr. 74.700.-

Ástriður Grímsdóttir